



Innkaupa- og framkvæmdaráð

Stöðufyrirlit – Rammasamningur nr. 16022 – Húsasmiði og aðalverktaka

Rammasamningur nr. 16022 um húsasmiði og aðalverktaka tók gildi 19. desember 2024 og gildir til og með 18. desember 2025. Samningurinn var boðinn út sem almennt EES-útboð og nær til tveggja hluta: húsasmiða og aðalverktaka. Samtals voru 32 seljendur samþykktir til þátttöku. Samningurinn er skilgreindur sem prufuverkefni í eitt ár með möguleika á endurútboði ef reynsla reynist jákvæð.

Frá gildistöku hafa 195 verkefni verið framkvæmd í samræmi við samninginn, þar af fjögur með örútböðum. Í heildina hafa 21 af 32 samþykktum seljendum tekið að sér verkefni. Samningurinn hefur reynst vel í framkvæmd og tryggt sveigjanlega og skilvirka útfærslu við húsasmiði og aðalverktöku. Verktakar hafa almennt staðið sig vel og ekki hafa borist kvartanir eða frávíksskýrslur. Engin formleg verktakamat hafa verið framkvæmd, né hefur verið óskað eftir söluskýrslum, þótt slíkt sé heimilt samkvæmt útboðsgögnum.

Umhverfis- og skipulagssvið lýsir þó ánægju með að ákvæði um verktakamat hafi verið tekið inn, þar sem það veitir aukin tæki til faglegrar eftirfylgni framvegis.

Í ljósi þess að gildistími samningsins rennur út 18. desember 2025, er lagt til að undirbúningur næsta útboðs hefjist í september 2025, með það að markmiði að bjóða út samning til tveggja ára með sambærilegu sniði.

Virðingarfyllt

Lilja Ástudóttir
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Skrifstofa fjármálapjónustu og ráðgjafar

Hjálagt: Stöðufyrirlit vegna rammasamnings 16022